



Gísli Jóhann Grétarsson (f. 1983) er fæddur og uppalinn Akureyringur. Hann lauk burtfararprófi á klassískann gítar frá Tónlistarskólanum á Akureyri árið 2003. Árið 2007 fluttist hann til Svíþjóðar og hóf nám í tónsmíðum við Tónlistarháskólann í Piteå, þaðan sem hann lauk BA prófi árið 2010. Sama ár byrjaði Gísli í mastersnámi við áðurnefndan háskóla. Aðalkennari Gísla er prof. Jan Sandström, en hann hefur einnig lært gítarútsetningu og tónsmíðar hjá prof. Jan-Olof Eriksson og orgeltónsmíðar hjá prof. Hans-Ola Ericsson. Á undanförunum árum hafa tónverk Gísla verið flutt af ýmsum tónlistarhópum, kórum, kammersveitum og sinfóníuhljómsveitum, bæði í Svíþjóð og á Íslandi. Gísli hefur nán tengsl við Akureyrarkirkju og kóra hennar, og má þar nefna frumflutning kammerkórsins Hymnodiu á spunakórverkinu Upplifun á Myrkum músíkdögum 2010.